



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. janúar 2008

Tilvísun : 2007120017

Vísað er til bréfs dags. 14. desember 2007 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um framhaldsskóla, 286. mál.

Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að fjalla um frumvarpið og biðst velvirðingar á því að ekki tókst að skila umsögn innan tilskilins frests. Barnaverndarstofa fagnar þeim frumvörpum sem lögð eru fram um skólastarf og telur þau að mörgu leyti gefa nýja og sterka heildarmynd af réttindum og skyldum barna og samfélagsins í skólamállum. Barnaverndarstofa verður þó að gera fáeinar athugasemdir við frumvarpið til laga um framhaldsskóla.

1. **Foreldrar og sameiginleg forsjá**

Í frumvörpum til laga um leikskóla og grunnskóla er sérstaklega tekið fram að með foreldrum sé átt við þá sem fari með forsjá barns í skilningi barnalaga og í greinargerð kemur fram að þetta þyki nauðsynlegt vegna fjölgunar tilvika þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá. Barnaverndarstofa hvetur til þess að samsvarandi verði gert í frumvarpinu til laga um framhaldsskóla. Þá telur Barnaverndarstofa mikilvægt að fjalla miklu oft og skýrar í frumvarpinu um réttarstöðu foreldra sem fara með forsjá barna í framhaldsskóla enda má gera ráð fyrir að það sé um helmingur nemenda. Í því sambandi verður sérstaklega að hvetja til þess að skoða vel ákvarðanatöku og stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá en búa ekki saman og taka afstöðu til réttarstöðu hvors foreldris fyrir sig eftir því sem unnt er. Þess má geta að Barnaverndarstofa fær fjölmargar fyrirspurnir árlega um réttarstöðu nemenda og starfsmanna skóla varðandi þjónustu við börn í skóla, viðkvæmar upplýsingar sem börn gefa og óskir þeirra um hver má vita hvað. Stofan mælir með því að tekin verði afstaða til fyrst og fremst eftirfarandi:

- á alltaf að leita fyrirfram eftir samþykki foreldra áður en barn fær þjónustu, t.d. viðtal við náms- og starfsráðgjafa (og þá hvort forsjáforeldra)?
- ef ekki á þá alltaf að hafa frumkvæði að því að láta foreldra vita að barn hafi leitað eftir þjónustu við einstaka sérfræðinga (hvort foreldra)?
- á að hafa frumkvæði að því að gefa foreldrum upplýsingar um hvað komi fram í öllum viðtölum við barn, t.d. viðtölum við náms- og starfsráðgjafa?
- eða á foreldri einungis rétt á upplýsingum ef leitað er eftir því?

Barnaverndarstofa mælir með því að tekið verði upp sérstakt ákvæði um foreldra þar sem fjallað verði um ofangreint og einnig höfð hliðsjón af ákvæði 18. frumvarps til laga um grunnskóla.



BARNAVERNDARSTOFA

2. Skólamál barna á meðferðarheimilum

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla barnaverndarlaga, þ.e. heimili og stofnanir sem veita börnum sérhæfða meðferð vegna meintra afbrota, vímuefnaneyslu og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Fjölmörg þessara barna eru á framhaldsskólaaldri. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að löggin fjalli um rétt þessara barna til skólagöngu, með hvaða hætti tryggja eigi þeim heppilegust skólaúrræði og hver beri ábyrgð á að sjá um að skólaúrræði sé til staðar.

3. Starfslið framhaldsskóla

Barnaverndarstofa verður að mæla eindregið með því að í 8. gr. frumvarpsins um starfslið framhaldsskóla komi ákvæði samsvarandi 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins til laga um grunnskóla og 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins til laga um leikskóla, þ.e. að óheimilt sé að ráða til starfa við framhaldsskóla einstakling sem hlotið hafi refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla alm. hgl. og um rétt til aðgangs að upplýsingum úr sakaskrá. Telur Barnaverndarstofa síst minni ástæðu til að vernda börn og ungmenni í framhaldsskólum með þessu hætti en nemendur á öðrum skólastigum. Rétt er að taka fram að Barnaverndarstofa telur engin rök fyrir því að verndin takmarkist við börn undir 18 ára aldri enda sjálfsagt að gera strangar kröfur til þeirra sem fá að vinna með ungu fólki í jafn ábyrgðarmiklu starfi og kennsla í framhaldsskólanum er.

4. Þagnarskylda, tilkynningarskylda og upplýsingaskylda til barnaverndarnefnda.

Barnaverndarstofa verður að mæla mjög eindregið með því að í lögum um framhaldsskóla verði tekið upp ákvæði samsvarandi 7. gr. frumvarps til laga um leikskóla, þ.e. um þagnarskylduna og um tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda þegar það á við. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu til laga um leikskóla er fjallað um mikilvægi slíks ákvæði. Barnaverndarstofa vill undirstrika að ákvæðin um tilkynningar- og upplýsingaskyldu til barnaverndarnefnda eru með mikilvægari reglum barnaverndarlaga. Lagaregla samsvarandi 7. gr. frumvarpsins til laga um leikskóla er mikilvægt skref til að styrkja gott samstarf framhaldsskóla og barnaverndaryfirvalda þegar við á og nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni barna. Rétt er að geta þess að Barnaverndarstofa gerði samskonar athugasemd við frumvarp til laga um grunnskóla.

5. Nemendur

Barnaverndarstofa mælir með því að ákvæði 32. gr. um nemendur taki meira mið að ákvæði 13. gr. frumvarps til laga um grunnskóla. Þannig verði tekið fram m.a. að framhaldsskólinn sé vinnustaður nemenda, þar skuli vera hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem taki mið af þörfum og almenntri vellíðan nemenda og haga skuli störfum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna

Sérstaklega verður Barnaverndarstofa að mæla með ákvæði um að nemendur eigi rétt á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi námsumhverfi, námstillhögun og fyrirkomulag skólastarfs. Þá eigi nemendur einnig rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um allar ákvarðanir um þeirra eigin mál og að taka skuli tillit til sjónarmiða þeirra eftir því sem unnt er.



BARNAVERNDARSTOFA

Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum. Stofan er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar eða taka þátt í umræðum ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Erlingardóttir
Hrefna Erlingardóttir
